

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Selfoss, 16.1.2024
UST202301-121/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. nóvember 2023 - Kalka sorpeyðingarstöð sf.

Þann 9. nóvember sl. fór fram eftirlit í Kólku sorpeyðingarstöð sf. í Reykjanesbæ. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila ber að skrá magn og tegundir alls úrgangs sem tekið er á móti og hvernig ráðstöfun og meðhöndlun þess úrgangs er (sjá nánari umfjöllun í gr. 4.1 í starfsleyfi). Skráningar í gagnagátt sýna ekki yfirlit yfir þann úrgang sem tekið er á móti umfram það sem brennt er. Fékk rekstraraðili leiðbeiningar fyrir skráningar í gagnagátt Umhverfisstofnunar, vegna skila á úrgangstölum til hliðsjónar fyrir næstu skil.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Starfsleyfi heimilar brennslu á 400 tonnum af sóttmenguðum sjúkrahúsúrgangi á ári að undanskyldum smitefnum í flokki A sbr. reglur Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (sjá nánar í viðauka 2 í starfsleyfi). Árið 2022 voru brennd 491,4 tonn af sóttmenguðum úrgangi frá sjúkrastofnunum.
Rekstraraðili hefur óskað eftir leiðbeiningum stofnunarinnar um umsókn um breytingu á starfsleyfi vegna frávíksins. Rekstraraðili gerði athugasemdir við frávikið og áréttar að þar sem þetta er eini mögulegi farvegur fyrir slíkan úrgang í landinu að þá sé það samfélagslegt ábyrgðarhlutverk fyrirtækisins að sinna þessari brennslu. Umhverfisstofnun tekur undir það að mikilvægt er að til séu viðeigandi farvegir fyrir umræddan úrgang.
2. Rekstraraðila ber að skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingar um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998

um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisupplýsingum var skilað eftir að skilafrestur var liðinn. Grænu bókhaldi var skilað 26. júlí 2023 og útstreymisbókhaldi var skilað 30. júní 2023, öllum skráningum var skilað eftir eftirlit. **Rekstraraðili gerði athugasemdir við drög að skýrslu þar sem sein skil á umræddum gögnum voru flokkuð sem frávik. Í athugasemdunum segir að Umhverfisstofnun hafi verið haldið upplýstri um málavexti og að rekstraraðili hafi m.a. boðað til fundar um málið þar sem skil voru gerð á vandanum sem rekstraraðili stæði frammi fyrir sem átti hlut í því að ekki tókst að skila fyrir skilafrest. Umhverfisstofnun bendir á að efni fundarins varðaði helst um skil á magntölum úrgangs skv. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Stofnunin brást ekki við seinum skilum á magntölum úrgangs með þvingunarúrræðum í ljósi þeirra góðu samskipta sem átt höfðu sér stað.**

Frávikið sem hér að skráð fjallar um skil á umhverfisupplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998. Um er að ræða lögbundinn frest, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Rekstraraðilar skulu standa skil á gögnum fyrir þann frest. Sé skilað eftir frestinn er um að ræða frávik. Umhverfisstofnun tekur þó undir það að samskipti hafi verið góð og telur mikilvægt að halda þeim áfram. Rekstraraðili hefur skilað inn öllum skráningum ársins 2023 og telst því frávikinu lokið.

3. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Losunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri eru skilgreind í starfsleyfi og miðast við að útblástur á brennisteinsdíoxíði fari ekki yfir 50 mg/m³ úr samfelldri daglegri mælingu miðað við stöðluð skilyrði. Samkvæmt úblástursmælingum vegna fyrri part ársins 2023, fer losun á brennisteinsdíoxíði (SO₂) yfir losunarmörk (dagana: 9. feb., 17. feb., 20. feb. og 23. feb.). **Í athugasemdum rekstraraðila kemur fram að stöðugt sé unnið að því í Kólku að skilja betur við hvaða aðstæður efni í útblæstri nálgast losunarmörk eða fer yfir þau. Þá sé ávallt leitað að betri basískum íblöndunarefnum og virkum kolum. Stjórnendur Kólku taki alvarlega öll atvik þar sem reynir á losunarmörk í starfsleyfi. Umhverfisstofnun telur framangreint mjög jákvætt en óskar eftir frekari upplýsingum um hvernig skuli bregðast við því að losun hafi farið yfir mörk starfsleyfis.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. febrúar 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur